

Akureyri, 19. nóvember 2023

## **Efni: Frá Ungmennaráði Akureyrarbæjar - almenningssamgöngur á landsbyggðinni**

*Ungmennaráð Akureyrar kallar eftir því að almenningssamgöngur séu stórefldar. Afstaða barna og ungmenna á Akureyri hefur komið skýrt fram: strætókerfið á Akureyri er alls ekki nógu gott. Sama gildir á landsvísu. Ráðamenn þurfa að grípa til raunverulegra aðgerða, frekar en að rífast um það hvaða hluta þjónustunnar ríki ber ábyrgð á og hvaða hluti er hjá sveitarfélögum. Þau bera öll sameiginlega ábyrgð á því að þetta grunnkerfi er ekki að virka fyrir börn og við því þarf að bregðast strax!*

Strætókerfið í Akureyrarbæ hentar bæjarbúum illa.

Núna í byrjun ársins var stórþing ungmenna haldið í þriðja sinn. Við í Ungmennaráði Akureyrarbæjar tókum virkan þátt í skipulagningu og störfum á þinginu. Á þinginu koma nokkrir fulltrúar úr öllum grunnskólum bæjarins. Hópur krakkanna sem koma er mjög ólíkur og fjölbreyttur hópur. Öll þessi þrjú ár hafa umræðurnar á þinginu að mestu leyti snúið um strætókerfið í Akureyrarbæ. Samantekt af öllum borðunum var að flestir eru mjög ósáttir með strætókerfið. Strætó er mikið nýttur hér á bæ og spilar stóran og mikilvægan þátt í lífi barna og ungmenna bæjarins. Börnin hafa sýnt fram á þörf, mikilvægi og eftirspurn eftir greiðari aðgang að almenningssamgöngum. Ekki er hægt að treysta nægilega á hann þegar hann er nýttur í að koma sér til og frá skóla, á æfingu, í vinnuna þar sem strætó kemur sjaldan á réttum tíma, og er oft svo fullur að hann tekur ekki að sér fleiri farþega og þarf að bíða eftir næsta vagni sem kemur ekki fyrr en klukkutíma seinna. Ekki er hægt að reiða sig á strætó. Ferðir fara á klukkutíma fresti, stundum er ekki hleypt fötluðu fólki í strætó og þjónustan léleg. Ferðatími í strætó er margfalt lengri en á einkabifreið, leiðarkerfið er alls ekki gott og í raun þess þar með krafist að börn hafi aðgang að einkabíl með einkabifreiðar ökumanni. Þessa kröfu teljum við vel óþarfa og betur mætti standa að málunum svo þessi krafa reynist börnum ekki svo dýrkeypt. Því ekki allar fjölskyldur eiga fjármagn fyrir því að reka einkabifreið. Nánast á hverjum einasta degi mætir barn seint í skólann, tómsundur eða á æfingu sökum þess að strætó var seint á ferðinni, fullt var í vagnin og barninu gert að bíða eftir næsta vagni sem myndi ekki koma fyrir en eftir klukkutíma eða barnið þurfti að ganga langa vegalengd frá a til b. Þetta allt getur bitnað illa á barni í námsárangri, íþróttaiðkun eða tómsundastarfi sem dæmi. Strætó er því afar óáreiðanlegur ferðamáti. Ef strætó hentar bæjarbúum svona illa þá þjónar strætó afar litlum

tilgangi. Eftirspurnin af bættri þjónustu er afar mikil og okkur þætti það fátjánlegt ef það yrði ekki gripið til aðgerða samstundis, enda myndi það skila sýn margfalts til samfélagsins.

Strætóleiðirnar eru sex í Akureyrarbæ. Leið 3 og 4 fara í norðurhluta bæjarins, leið 1 og 2 fara í suðurhluta bæjarins og leið 5 og 6 ekur út um allan bæ. Kerfið er svoleiðis að hver leið fer einu sinni á klukkutíma. Leið 2 og 3 fara sex og sjö mínútum yfir frá miðbænum og leið 1, 4, 5 og 6 fara öll á hálfan tímanum frá miðbænum. Þessir strætóar byrja að ganga um 06/ 07:00 leitið og enda um 18/19:00 leitið. Leið 5 endar um 20:00 og leið 6 endar um 23:00. Og svo er einn helgarstrætó sem gengur frá klukkan 12:18 til 18:59. Svo er enginn á sunnudögum...

Þetta finnst okkur mjög asnalega sett upp. Ef þú missir af strætó þá þarftu að bíða í klukkutíma til að ná næsta, þá mætti halda að það sé styttra fyrir þig að labba á áfangastað heldur enn að bíða eftir næsta. Á sumum strætó stöppum er mjög stutt á milli en á hinum allt og langt á milli. Tímataflan á strætó hentar ekki alveg. Tvær strætóleiðir fara á sama tíma og hinar fjórar leiðirnar fara c.a. á sama tíma, afhverju eru tímasetningarnar á strætó ekki meira dreifðar?. Leiðirnar enda allt of snemma. Æfingar hjá börnum og ungmönnum bæjarins ljúka iðulega seinna á kvöldin þegar strætó er hættur að ganga. Okkur finnst ekki nógu gott að sum börn geta ekki tekið strætó heim til sín af æfingum bara út af því hann er hættur að ganga. Þá þjónar strætó ekki mjög miklum tilgangi.

### **Landsbyggðarstrætó er dýr og óhentugur.**

Að fara að ferðast á milli landshluta er afar kostnaðarsamt. Almennt fargjald að fara með strætó frá Akureyri til Reykjavíkur kostar miðin 12.540 krónur. Fyrir börn á aldrinum 12-17 kostar það 6.270 krónur og fyrir börn yngri en 11 ára er miðin gjaldfrjál. Ferðatíminn tekur um sex og hálfan tíma og í því eru tuttugu og tvö stöpp í ferðinni. Að kaupa allra ódýrustu miðana með flugfélaginu Easyjet frá Akureyri til London kosta undir 5000 krónur. Svo eru það aðrar 5000 krónur að koma sér frá London til Keflavíkur. Svo að koma sér frá Keflavík til Reykjavíkur með flugrútu eða strætó kostar á bilinu 2-4 þúsund. Samantekt af þessu er að það getur verið dýrara að ferðast með strætó frá Akureyri til Reykjavíkur heldur en flug með viðkomu í Bretlandi. Er það ekki galið?.

### **Aðgerðir eru nauðsynlegar fyrir loftslagið.**

Svo spila aðeins loftslagsmál inn. Í Akureyrarbæ er mikil svifryksmengun í loftinu.

Umhverfisáhrif, eins og veðurskilyrði, hafa áhrif á myndun, dreifingu og áhrif svifryks, og geta þannig haft mikilvægan þátt í áhrifum þess á umhverfið. Þessi áhrif má skýra á mismunandi hátt: Nagladekk á bílum valda sliti á malbiki, og því er mælt með meira svifryki á veturna, þegar vegirnir eru oft skellir af ís og snjó. Þessi árstíðarbundna aukin notkun nagladekkja getur því haft áhrif á umfang svifryks í umhverfinu. Loftið er einnig þægindi sem getur haft áhrif á myndun og dreifingu svifryks. Þurr loft og kyrrð á veturna geta hindrað hreyfingu loftmassa, sem getur leitt til þess, að ef mengun er til staðar og hún safnist upp í umhverfinu. Þetta er sérstaklega hættulegt á stöðum með mikilli umferð, sérstaklega á stórum umferðargötum og í nágrenni við iðnað. Ef rok er til staðar, getur það einnig valdið því, að jarðvegur fýkur upp og orsakar svifryk, því jarðvegurinn er hæfilega lélegur í að halda í sér fínum agnirnar. Áhrif svifryks eru mjög hættuleg og getur því skaðað heilsu manns. Börn á leikskólum Akureyrar hafa oft þurft að leika inni útaf svifryksmengun. Finnst okkur það ekki frekar sorglegt að börnin okkar þurfa að leika inni vegna mengunar?. Ef ferðir strætóvagna myndi aukast verulega, myndi fara á viðeigandi tímum og ef notkun rafmagns strætóvagna myndi byrja, getur það dregið verulega úr umferð bæjarins því þá gæti fólk notað þjónustuna í botn.

### **Reynslusögurnar eru óteljandi.**

Við sem sitjum í ráðinu hafa líka fengið að heyra af reynslusögum. Það var eitt skipti sem barn var að taka strætó í skólann. Strætóinn var orðin það fullur að krakkarnir sem fengu ekki sæti voru byrjaðir að standa alveg þar sem strætóbílstjórinn var. Það var hálka og snjór úti þegar þetta atvik átti sér stað og strætó rann vel til í einni beygjuni og krakkarnir sem voru standandi detta allir á hvorn annan. Þá spyrjum við okkur sjálf, er þetta öruggt?. Það er það alls ekki. Þetta er hættulegt, getur komið farþegunum í mikið uppnám og fólk getur alvarlega slasast. Hér kemur önnur reynslusaga. Það var ungmenni í strætó sem var vitni af skelfilegu atviki. Það var einn ungmenni í hjólastól sem ætlaði að fara í strætóinn, rampurinn á strætó virkaði ekki þannig að strætóbílstjórinn keyrði bara í burtu. Er þetta í alvöru þjónustan sem fatlað fólk í hjólastólum fær?. Svo eru líka bara óteljandi sögur af óboðlegri hegðun strætóbílstjóra gagnvart börnum, fólk af erlendum upprunna, aðilar með fötlun o.s.f.

**Aðgerðir strax!**

Við í ungmennaráði Akureyrarbæjar leggjum til að þessu verði breytt sem fyrst. Við vitum að þessa dagana er Akureyrarbær að leggja lokahönd á fjárhagsáætlun næsta árs, þar sem er hægt að forgangsraða strætó betur. Og við viljum að Alþingi taki meira tillit til stöðu ungmenna í almenningssamgöngukerfinu í samgönguáætluninni sem er verið að fjalla um í umhverfis- og samgöngunefnd.

Okkur finnst þetta ekki ásættanlegt að ríkið taki ekki mark á okkar skoðunum útaf við erum út á landsbyggðinni. Fólkið sem tekur ákvarðanir á Alþingi gerir sér ekki nógu vel grein fyrir því hversu mikið almenningssamgöngur spila inn í líf ungs fólks nú til dags. Við höfum allt of heyrt afsökunina um að ríkið ætli ekki að styðja of mikið við almenningssamgöngur vegna þess að það séu sveitarfélögin sem reki strætó á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir okkur sem notendur þá er þetta afsökun sem gengur ekki lengur. Allir eiga rétt á góðri og réttlátri þjónustu. .

Bæjarfélagið okkar kemur oft með afsökuninna að það eru að meðaltali þrjú í strætó á ferð. Það er ekki satt, bærin mælir farþega á verstu tímum dagsins þegar það eru allir í vinnu eða í skóla. Að heyra sá afsökun er hreinlega bara viðstyggileg. Því við ungmennin hér í bænum höfum allt aðra reynslu á strætó heldur en yfirvöldin hér í bænum. Þetta verður að breytast sem fyrst. Strætókerfið verður að bætast. Þjónustan verður að vera boðleg. Og passað að allir geta notað strætó þótt að fólk sé að glíma með hindranir.

Gleymist því ekki að árið 2013 var Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna fullgildur og lögfestur hér á landi með lögunum nr. 19/2013. Við sjáum og heyrum að það sé verið að brjóta ákveðnar greinar varðar sáttmálans þegar það kemur að almenningssamgöngum. Hér má meðal annars nefna grein **2. Öll börn eru jöfn**. Greinin segir, „*Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti*” og **23. Fötluð börn**. Greinin segir „*Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og völ er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti*”. Atvikið sem við lýstum frá áðan varðandi þegar fatlað barn í hjólastól ætlaði í strætó en neitað þjónustu vegna engin hjálpaði einstaklingnum og strætóin ók í burtu. Það er verið að brjóta vegna þess að öll börn eru jöfn sama hvað og aldrei skal koma fram við hvaða barn sem er af óréttlæti. Það má líka nefna grein **12. Virðing fyrir skoðunum barna**. Greinin segir, „*Börn eiga rétt á því að*

*tjá sig frjálstlega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim".* Okkur finnst ríkið og þá sérstaklega bæjarfélagið okkar gera lítið úr skoðunum okkar þegar við tjáum okkur um almenningssamgöngur í Akureyrarbæ. Við erum barnvænt sveitarfélag en við upplifum að titillinn er bara til þess að líta vel út á blaði en ekki okkur í hag.

Við í ungmennaráði Akureyrarbæjar leggjum mikla áherslu á að **TALA MINNA OG GERA MEIRA!** Ástandið sem liggur fyrir núna og hefur verið undanfarin ár er óboðlegt og þarf sem fyrst að taka til harðari aðgerða. Við heimtum að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis setji meiri metnað í almenningssamgöngur í samgönguáætlun og hætti að velta þessum bolta á milli ríkis og sveitarfélaga. Þið berið öll ábyrgð á því að öll börn geti notið réttinda sinna. Sýnið það í verki og vinnið saman að réttlátu almenningssamgöngukerfi.